



THE NATIONAL FILM ARCHIVE OF ICELAND • CINEMATEK

Hvaleyrarbraut 13 • 220 Hafnarfjörður • Iceland

Tel +354 565 5993 • Fax +354 565 5994

kvikmyndasafn@kvikmyndasafn.is • www.kvikmyndasafn.is

Hafnarfjörður, 24. apríl 2013.

Til bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar,  
Strandgötu 6,  
220 Hafnarfirði.

Erindi: **VIÐBRÖGD VIÐ TILLÖGU MENNINGARMÁLANEFNDAR HAFNARFJARÐAR 22.  
APRÍL 2013 UM AÐ FELA GAFLARALEIKHÚSINU REKSTUR BÆJARBÍÓS.**


Fyrir hönd Kvikmyndasafns Íslands vil ég vekja athygli bæjarráðs á að í gildi er samningur milli safnsins og Hafnarfjarðarbæjar um rekstur Bæjarbíós. Samningurinn var undirritaður 1. desember 2011 og gildir til 1. desember 2013.

Kvikmyndasafnið hefur undanfarna mánuði verið að undirbúa dagsskrá sína fyrir veturinn 2013 – 14 og í því sambandi óskað eftir framlengingu samningsins til vors 2014 svo hægt verði að sjá fyrir endann á þessari dagsskrá, sem hugsuð er í heild fyrir allan veturinn. Menningarmálanefnd Hafnarfjarðarbæjar hefur dregið við sig að veita svör við þessari rökstuddu beiðni, en þess í stað eru nú komnar fram hugmyndir nefndarinnar um að fela Gaflaraleikhúsinu rekstur bíósins og hefja þar með leikhússýningar í bíóinu. Þessar hugmyndir voru ekki kynntar Kvikmyndasafninu áður en þær voru lagðar fram.

Samþykkt menningarmálanefndar á fundi sínum 22. apríl sl. um að fela beri Gaflaraleikhúsinu rekstur Bæjarbíós verður ekki skilin öðru vísi en að nefndin vilji í reynd slíta þeim viðræðum sem hafa verið í gangi milli hennar og Kvikmyndasafnsins, það veldur óneitanlega vonbrigðum að það skuli vera niðurstaða nefndarinnar, en nú er málið komið í hendur bæjarráðs og bæjarstjórnar.  
- Í ljósi þess vil ég fyrir hönd safnsins nefna nokkur atriði.

Kvikmyndasafn Íslands flutti starfsemi sína til Hafnarfjarðar vegna Bæjarbíós. Sá flutningur var ekki óumdeildur, og ráðuneyti mennta- og menningarmála hefur orðið að verja þá ákvörðun allt til þessa dags vegna viðvarandi kröfu um að starfsemi eigi fremur heima í miðbæ Reykjavíkur en í Hafnarfirði. Ráðuneytið hefur hins vegar staðið fast við þessa ákvörðun, og fyrir atbeina og mikinn áhuga starfsmanna safnsins og ekki síður þáverandi ráðamanna ríkis og bæjar var hægt að hefja kvikmyndasýningar að nýju í Bæjarbíói sem verðugu safnbíói. Safnið hefur fram til þessa litið á það sem eitt helsta verkefni sitt að standa vörð um Bæjarbíó sem kvikmyndahús, en það er hiklaust talið einstakt í sinni röð, ekki aðeins á Íslandi heldur einnig á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað, þar sem ekki hefur tekist að varðveita viðlíka byggingar. Safnið hefur með dyggum stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytis fjárfest í margvíslegum endurbótum hússins fyrir tugmilljónir króna, sem allar hafa miðað að því að færa húsið til upprunalegs horfs. Með þeirri endurgerð og virðingu fyrir sögu hússins hefur því verið bjargað frá þeirri niðurlægingu sem það var komið í eftir margra ára leikhússtarfsemi þar fyrir aldamótin síðustu.

Leikhúsrekstur fer ekki vel saman með annars konar starfsemi, enda einfaldlega eðli starfsemi í leikhúsi að henni fylgir rask og umstang, sem þjónar fyrst og fremst hagsmunum leiksýninga og efinga. Sú reynsla er

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26.4.2013
Málsnr:	1102/243
Bréfali:	262-2

m.a. velþekkt í sveitarfélögum hér á landi, enda reyndin sú að leikstarfsemi býr oftast ein að þeim húsum þar sem hún fer fram, a.m.k. á þeim tíma sem æfingar og sýningar standa yfir, sem er yfirleitt um vetrartímann.

Það er ljóst að sýningar kvikmynda á vegum safnbíós eins og Kvikmyndasafnið rekur geta ekki átt samleið með rekstri leikhúss í sama húsnæði. Verði leikhúsi falin rekstur Bæjarbíós verður þessum sýningum því hætt. Mun safnið þá eðli málsins samkvæmt í kjölfarið taka niður sýningaraðstöðu sína, sýningarvélar, myndvarpa, sýningartjald, öryggiskerfi o.fl. Jafnframt er eðlilegt að safnið kanni rétt sinn vegna kostnaðar sem það hefur lagt út í við þetta mikla uppbyggingarstarf í þágu bíósins og bíómenningarsögunnar og það fær ekki notið lengur.

Fyrir hönd safnsins tel ég að með slíkri ákvörðun yrði stigið óheillaspor fyrir kvikmyndamenningu þjóðarinnar, og sem eigandi húsnæðisins yrði bæjarstjórn Hafnarfjarðar þá að axla ábyrgð af að umbylta ómetanlegri menningarsögulegri djásn, sem Bæjarbíó er í bæði íslensku og norrænu samhengi, og leggja um leið kvikmyndasýningar niður í bænum til frambúðar.


**Að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti óska ég hér með eftir því fyrir hönd Kvikmyndasafns Íslands að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði fresti ótímabundið afgreiðslu tillögu menningarmálanefndar Hafnarfjarðar frá 22. apríl sl. um nýtingu á Bæjarbíói og gangi þegar til viðræðna við safnið um framlengingu á gildandi samningi til a.m.k. tveggja ára.**

Jafnframt er þess óskað að núgildandi samningur verði sem fyrst framlengdur í 6 mánuði (til vors 2014), hver svo sem niðurstaða samningaviðræðna um frekari framlengingu samningsins verður. Slík framlenging er nauðsynleg á þessu stigi til að gera safninu mögulegt að undirbúa og framkvæma sýningardagskrá næsta vetrar með verðugum hætti.

Kvikmyndasafn Íslands nú í miðjum klíðum við að undirbúa dagsskrá sína fyrir næsta vetur, en hún tengist m.a. 70 ára afmæli stjórnmalasambands Íslands og Rússlands/Sovétríkjanna. Dagskráin leggur undir sig allan næsta vetur og hefur mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkt það verkefni sérstaklega um 1,0 milljón króna. Dagskráin hefur verið undirbúin í góðu samráði við Rússneska sendiráðið á Íslandi, sem hefur m.a. fagnað framtakinu með stuðningsyfirlýsingu, enda er hér um mikilsvert menningarframtak að ræða á landsvísu.

Þessi dagsskrá verður að engu gjörð samþykki bærinn ekki þessa umbeðnu framlengingu núgildandi samnings.

Virðingarfyllt,

  
Erlendur Sveinsson,  
settur forstöðumaður.

Afrit sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu